

Sp.

412. Nefndarálit

um till. til þál. um afnotagjald útvarpsnotenda.

Frá minni hl. fjárveitinganefndar.

Tillagan ásamt brtt. á þskj. 245 var tekin til umræðu á einum fundi, og gat nefndin ekki orðið sammála um afgreiðslu málsins. Vildi meiri hl. nefndarinnar (PO, SK, GÍG, SkG, BK og HelgJ) samþykkja tillöguna með breyttu orðalagi og gefur því út sérstakt nefndarálit. Minni hl. litur hins vegar svo á, að samkvæmt 6. gr. 1. nr. 68 28. des. 1934, um útvarpsrekstur ríkisins, hafi ráðherra í samráði við útvarpsstjóra og útvarpsráð óskorað vald til þess að ákveða afnotagjaldið, og að þetta vald verði eigi af þeim tekið með þál., heldur þurfi til þess breytingu á fyrrnefndum lögum. Leggur hann því til, að þáltill. sé afgreidd með svo hljóðandi.

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Með því að ráðherra hefur þegar, að fengnum tillögum útvarpsstjóra og útvarpsráðs, ákveðið upphæð afnotagjalds útvarpsnotenda fyrir yfirstandandi ár, allt samkvæmt 6. gr. laga nr. 68 28. des. 1934, um útvarpsrekstur ríkisins, og að þáltill., sem hér liggur fyrir, getur ekki, þótt samþykkt yrði, skert á nokkurn hátt rétt ráðherra til þess að ákveða gjaldið samkvæmt lögum, sér Alþingi ekki ástæðu til frekari aðgerða í málinu og tekur því fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 13. febr. 1946.

Gísli Jónsson,
form., frsm.

Steingr. Aðalsteinsson.

Dórður Benediktsson.